



Viðræður við LN



LN

Nú eru í gangi viðræður milli FG og Launanevnd sveitarfélaganna. Þær hófust í síðustu viku og hafa aðilar fundað tvisvar sinnum, lagt fram gögn og farið yfir málið. Áfram verður fundað á næstu dögum.

hann til 31. maí 2008 og fellur þá úr gildi án uppsagnar en launatafla hækkar hinn 1. janúar 2008 um 2,25%.

Í grein 16.1 í kjarasamningi okkar stendur:

16.1 Gildistími

Samningur þessi gildir til 31. desember 2007 en er uppsegjanlegur miðað við þá dagsetningu með þriggja mánaða fyrirvara. Sé samningnum ekki sagt upp framlengist

Aðilar skulu taka upp viðræður fyrir 1. september 2006 og meta hvort breytingar á skólakerfinu eða almenn efnahags- og kjarabróun gefi tilefni til viðbragða og ákveða þær ráðstafanir sem þeir verða sammála um.

Eins og þarna kemur fram eiga aðilar að meta hvort breytingar á skólakerfinu eða almenn efnahags- og kjarabróun gefi tilefni til viðbragða, og ef svo er eiga þeir að koma sér saman um hver þessi viðbrögð eru.

Stjórn og samninganevnd töldu tilefni til að grípa til aðgerða þegar í desember og aftur í mars og óskuðu þá eftir fundum með launanevnd. Eins og kunnugt er, þá var ósk um viðræður hafnað af hálfu LN. Nú eru aðilar sem sagt að ræða saman.



Félagsvísindastofnun

85% félagsmanna telja sig hafa hag af aðild sinni að KÍ

7 af hverjum 10 félagsmönnum eru ánægðir með Skólavörðuna

Niðurstöður könnunar sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði fyrir Kennarasamband Íslands um afstöðu félagsmanna til þjónustu sambandsins liggja nú fyrir. Þar kemur fram að 85% félagsmanna telja sig hafa mikinn eða nokkurn hag af aðild sinni að Kennarasambandinu og 55% eru ánægð með starfsemi KÍ í heild. Yfir 70% eru mjög eða frekar ánægð með Skólavörðuna og yfir 90% segjast hafa heimsótt heimasíðuna.


Einnig kemur fram að aðeins fjórðungur svarenda úr hópi grunnskólakennara er ánægður með laun sín. 75% grunnskólakennara eru andvíg því að hætt verði að skilgreina kennsluskyldu í kjarasamningi og færa verkstjórnarvald alfarið í hendur skólastjórna.

Könnunin var gerð í samræmi við ályktun 3.

þings þings KÍ. Hún fór fram í gegnum síma og náði til félagsmanna allra sex aðildarféлага sambandsins. Úrtakið var 1200 manns og var heildarsvarhlutfall tæplega 72%. Könnunin tók til fjölmargra þátta í starfsemi Kennarasambandsins og aðildarfélaganna auk þess sem spurt var sérstaklega um Orlofssjóð, Sjúkraszjóð, endurmenntunarsjóði og Skólavörðuna. Hægt er að nálgast skýrsluna í heild sinni á heimasíðu KÍ eða FG.

Breytingar í stjórn FG

Árni Rúnar Þorvaldsson var kosinn í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar og síðar í embætti forseta bæjarsjórnar auk setu í fjölda nefnda. Af þeim ástæðum sagði hann sig úr stjórn FG. Í stjórn kemur í hans stað Ásta Ólafsdóttir úr Seljaskóla. Í bréfi frá Árna kom m.a. fram þakklæti fyrir samstarf við fjölmarga aðila innan FG. Honum eru sömuleiðis færðar þakkir fyrir mikið og óeigingjarnt starf í þágu FG og er honum óskað velfarnaðar í nýjum störfum. Ásta er janframt boðin velkomin til starfa.



meginábyrgð á einstaka verkefnum.

Lagt er til að komið verði á fót mánaðarlegum samráðsfundi stjórnenda KÍ og formanna félaga. Starfsmannafundur verði tvisvar í mánuði.

Yfirmarkmið þessara breytinga er að þær leiði til þess að sú þekking og reynsla sem KÍ býr yfir sem skipulagseining komist enn betur til skila út í samfélag kennara og samfélagið í heild sinni. Skýrsluna má finna í heild sinni á heimasíðu KÍ og heimasíðu FG.



Úttekt á starfsemi Kennarasambandsins

3. þing KÍ fól stjórn KÍ að láta gera úttekt á rekstri og þjónustu sambandsins. ParX - Viðskiptaráðgjöf IBM framkvæmdi úttektina. Í lokaskýrslu ParX er lagt til að starfsemi KÍ skiptist í tvö megin svið, þjónustusvið og félagssvið. Þá er lagt til að komið verði á fót hagdeild innan sambandsins í samstarfi við önnur stéttarfélög.

Lagt er til að sett verði fram starfsáætlun til þriggja ára þar sem verkefnum er raðað í tímaröð og einstökum starfsmönnum eða hópi falin

Heimasíða FG

www.fgk.is

Úr kjarasamningnum

í grein 1.3.1 segir:

Grunnröðun umsjónarkennara fer eftir fjölda nemenda í bekk. Miðað er við nemendafjölda 1. október ár hvert. Verði breyting á nemendafjölda sem leiði til breytinga á launaflokki kennara skal leiðrétta röðunina miðað við nemendafjölda 15. janúar til hækkunar eða lækkunar og gildir hin nýja röðun frá og með 1. febrúar. Þrátt fyrir ákvæði í gr. 1.3.1 um röðun umsjónarkennara skal grunnskólakennari sem hefur umsjón með 9 nemendum í tveimur árgöngum eða 8 nemendum í þremur árgöngum einnig raðast sem umsjónarkennari 1. Með sama hætti skal grunnskólakennari sem er með umsjón með 18 nemendum í tveimur árgöngum raðast sem umsjónarkennari 2 (Samstarfsnefnd 21. apríl 2001).

Munið að fara vel yfir vinnuramma og vinnuskýrslur áður en skrifað er undir!